

7. gr.

7

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, þannig: Tveir menn, er Vísindafélag Íslendinga tilnefnir, og er þriðji maður í stjórninni Bjarni Jónsson frá Galtafelli meðan hann lifir, en síðan einhver afkomenda gefendanna. Fari svo, að Vísindafélag Íslendinga verði lagt niður og autt verði sæti í stjórninni, er félagið hefur skipað, gengur sjóðurinn undir umsjá læknaeildar Háskóla Íslands, er þá kemur í stað vísindafélagsins.

Fari svo að enginn afkomandi Bjarna Jónssonar sé lengur til, eða ekki verði til hans náð, skipar vísindafélagið eða síðar læknaeildin, alla stjórnendurna.

8. gr.

Sjóðstjórnin skiptir sjálf með sér verkum og ber fyrstu stjórn sjóðsins að sjá um, að skipulagsskrá þessi öðlist staðfestingu.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna, og teljast til þeirra reikninga, er vísindafélagið (eða læknaeildin, ef til kemur) semur árlega og skulu háðir sömu endurskoðun og um slíka reikninga gildir á hverjum tíma.

AUGLÝSING

8

19. jan.

um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar, dags. 9. okt. 1940, um skyldu skipa og flugfara til að koma á tilteknar hafnir eða hafnarstaði til þess að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi.

Á tímabilinu 15. janúar til 30. apríl þ. á., að báðum dögum meðtöldum, geta fær-
eysk skip, sem flytja frystan eða ísvarinn fisk til Bretlands, fengið fyrstu og síðustu
afgreiðslu á Hornafirði.

Skipin mega enga farþega flytja.

Fjármálaráðuneytið, 19. janúar 1942.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

AUGLÝSING

9

20. jan.

um breyting á reglum um fjörefnablöndun smjörlikis, nr. 41. 27. apríl 1935.

Frá 1. febrúar þ. á. skal smjörliki innihalda það fjörefnamagn, sem ákveðið var með auglýsingu nr. 14 13. janúar 1941, um breyting á reglum um fjörefnablöndun smjörlikis frá 27. apríl 1935.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing frá 11. október 1941, sem heimilaði að láta úti fjörefnalaust smjörliki.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. janúar 1942.

Jakob Möller.

Páll Pálmason.